

MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
LAUGAVEGI 7 • P.O.Box 107 • 121 REYKJAVÍK
SÍMI: 552 2720 • FAX: 552 2721 • TPÓSTUR: ICEHR@HUMANRIGHTS.IS

HEILBRIGÐIS- OG TRYGGINGANEFND ALÞINGIS
NEFNDASVIÐ ALÞINGIS

276. mál
126 laggi. þing

**UMSÖGN MANNRÉTTINDASKRIFSTOFU ÍSLANDS UM TILLÖGU TIL
ÞINGSÁLYKTUNAR UM HEILBRIGÐISÁÆTLUN TIL ÁRSINS 2010.**

Reykjavík, 7. febrúar, 2001


Mannréttindaskrifstofan fagnar því að sett hafi verið fram opinber áætlun í heilbrigðismálum.

Mannréttindaskrifstofan býr ekki yfir nægri sérþekkingu eða upplýsingum til að meta einstaka þætti áætlunarinnar en vill þó leyfa sér að benda á eftirfarandi atriði er varða markmiðin um börn og ungmenni og jafnræði til heilbrigðis.

Mannréttindaskrifstofan telur rétt að markmið það sem sett er fram í lið 2.a, kafla I, að jafna mun á heilsufari barna sem tengist þjóðfélagsstöðu foreldra um 25%, verði endurskoðað og markmiðið verði það að útrýma mun á heilsufari barna sem tengist þjóðfélagsstöðu foreldra. Slíkt markmið samrýmist 2. grein barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna um aðildarríki skuli *tryggja* hverju barni innan lögsögu sinnar þau réttindi sem kveðið er á um í samningnum án mismununar af nokkru tagi.

Mannréttindaskrifstofan lýsir vonbrigðum með að í markmiði 2.2. í kafla II, sem lýtur að því að draga úr mun á aðgengi þjóðfélagshópa og íbúa mismunandi byggðarlaga að heilbrigðisþjónustu, kemur ekki fram að hve miklu marki verður leitast við að draga úr þessum mun. Annað en jafnt aðgengi allra óháð búsetu eða félagslegri stöðu er óviðunandi og því ætti þetta markmið að vera sett í forgang og vera vel skilgreint.

Virðingarfyllst,


Bjarney Friðriksdóttir,
framkvæmdastjóri